

Fundargerð byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki

29. fundur byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki haldinn miðvikudaginn 10. júní 2020 í Sunnulækjarskóla.

Mætt frá byggingarnefnd: Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður, Tómas Ellert Tómasson, Hrund Harðardóttir, Helga Sighvatsdóttir og Magnús Gíslaon. Frá hönnuðum: Ögmundur Skarphéðinsson og Ólafur Þ. Hersisson. Frá Eflu: Kári Gunnarsson og Arinbjörn Friðriksson. Emættismenn: Eiríkur Steinn Búason og Ragnar Ómarsson frá Verkís. Frá Árborg Atli Marel Vokes, Sigurður Ólafsson, Óðinn K. Andersen, Birgir Edwald og Þorsteinn Hjartarson sem ritaði fundargerð.

Eiríkur Steinn fór yfir meginefni fundarins.

Ragnar Ómarsson fór yfir stöðuna á hönnuninni og tímalínuna á verkefninu. Jarðvinnuframkvæmdir ættu að geta hafist í ágúst og þá er 13 mánaða framkvæmdatími knappur tími. Tveir möguleikar kynntir til sögunnar, annars vegar opnun skólans um áramótin 2021/2022 eða haustið 2022.

Sviðsstjóri fjölkyltusviðs benti á að þá þyrfti að hefja skólastarfið í bráðabirgðahúsnæði haustið 2021.

Sjónarmið hönnuða. Arinbjörn telur að fjórir mánuðir væru ríflegir fyrir jarðvinnuframkvæmdina, hún gæti allt eins verið tveir mánuðir. Þarf að ætla tímann fyrir samtalið sem þarf að taka milli hönnuða og skólafólks. Eiríkur Steinn tók hluta af samtölunum við faghópa í gær. Æskilegt að bjóða út jarðvinnuna í ágúst frekar en september.

Hönnuðir yfirgáfu fundinn.

Umræða um þá kosti sem voru settir upp hjá Ragnari og hvernig hægt væri að leysa skólastarfið í nýja skólanum gagnvart seinkun á opnun í nýrri byggingu. Farið yfir lykiltölur varðandi nemendafjölda í skólahverfum á Selfossi. Erfitt að spá fyrir um fjölda og aldur íbúa í nýjum íbúðum sem verða tilbúnar á næstu mánuðum.

Stofna þarf teymi vegna bráðabirgðalausna. Mannvirkja og umhverfisvið leiðir þá vinnu og upplýsir byggingarnefnd.

Nefndin leggur til að jarðvinna byrji í ágúst 2020 og húsbyggingin byrji 1. desember 2020 til maí 2022.

Ganga þarf frá þóknun við hönnuði út frá breyttri tímalínu.

Málið fær efnislega meðferð í bæjarráði sem fyrst svo hægt sé að upplýsa hönnuði.

Nefndin óskar að bæjarráð taki fundargerðina inn á afbrigðum á morgun.

Fundi slitið kl. 16:15.

